



Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013, verkefnatillaga

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

15. febrúar 2013

Verkefnatillaga

Innihald

1

Verkefnatillaga	1
Inngangur	3
I. Vaxtarsamningur fyrir höfuðborgarsvæðið	5
II. Markaðssetning höfuðborgarsvæðisins	7
III. Skólar og menntun í fremstu röð	8
Höfuðborgarsvæðið - Framtíðarsýn	10
Höfuðborgarsvæðið - Stöðugreining	12
1.1 Almennt um höfuðborgarsvæðið	12
1.2 Atvinnumál	13
1.3 Svæðisskipulag og aðalskipulag	15
1.4 Ísland 2020	15
1.5 Samkeppnishæfni	15
1.6 Vaxtarstefna og úrbótatækifæri	16
Ráðgjafaráð SSH - verkefni og aðgerðir	17
1.1 Atvinnumál	17
1.2 Mennta- og menningarmál	18
1.3 Markaðsmál	18
Samantekt	20
Helstu heimildir	21

Inngangur

Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar Íslands um ráðstöfun fjármagns til sóknaráætlana landshluta á árinu 2013 hefur framtíðarhópur SSH mótað meðfylgjandi tillögu að nýtingu þeirra 76,3 m. króna sem koma í hlut höfuðborgarsvæðisins.

Tillögurnar byggja annars vegar markmiðum Ísland 2020 og þeim meginverkefnaáherslum sem stýrinet sóknaráætlana hefur sett vegna sóknaráætlana landshluta fyrir árið 2013, og hins vegar á eftirfarandi þáttum úr vinnu framtíðarhóps SSH:

- ❖ Niðurstöðum og ábendingum frá „þjóðfund“ á höfuðborgarsvæðinu í mars 2010 og greiningu á stöðu höfuðborgarsvæðisins sem þar lá fyrir.
- ❖ Niðurstöðum úr verkefnavinnu 130 manna „Hugmyndasmiðu SSH“ sem haldin var í apríl 2011 (kjörnir fulltrúar og lykilstjórnendur aðildarsveitarfélaga SSH)
- ❖ Framtíðarsýn fyrir höfuðborgarsvæðið eins og hún er sett fram í nýju samkomulagi aðildarsveitarfélaganna um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.
- ❖ Nýrri upplýsingasamantekt Byggðastofnunar um stöðu höfuðborgarsvæðisins og þeirri SVÓT greiningu sem þar er sett fram
- ❖ Ábendingum og tillögum sérstaks 25 manna ráðgjafaráðs SSH sem kallað var saman vegna mótunar verkefnatillaga fyrir sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013. Ráðgjafaráðið er skipað völdum fulltrúum úr ýmsum greinum atvinnulífs, menningar og menntalífs á höfuðborgarsvæðinu, auk fulltrúa félagasamtaka og grasrótarhreyfinga.

Við mótun tillagnanna hefur í meginatriðum verið fylgt leiðbeiningum stýrinets sóknaráætlana um inntak, verklag og framsetningu verkefnatillagnanna. Þó liggur ekki að öllu leyti fyrir endaleg mótun og skilgreining mælikvarða vegna framvindumats einstakra verkefna, heldur verði þeir skilgreindir í fyrsta fasa þeirra verkefna sem hér eru lögð til

Verkefnin

Þrír málaflokkar hafa verið skilgreindir sem áherslusvið fyrir sóknaráætlanir landshluta á árinu 2013. Þeir eru:

Atvinnumál

Markaðsmál

Menntun og menningarmál

Í samræmi við þá áherslu hefur framtíðarhópur SSH mótað tillögu um 3 verkefnaflokka sem byggja á fyrirliggjandi framtíðarsýn fyrir höfuðborgarsvæðið eins og hún er sett fram í samkomulagi sveitarfélaganna um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, sem og á niðurstöðum tillagna og ábendinga sérstaks ráðgjafaráðs SSH vegna gerðar sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið, auk meðfylgjandi greininga á stöðu höfuðborgarsvæðisins.

Fyrsti verkefnaflokkurinn, „**Vaxtasamningur fyrir höfuðborgarsvæðið**“ tekur til 8 skilgreinda verkefna sem öll lúta að vinnu sem ætlað er að treysta og efla undirstöður og skilyrði atvinnulífs á höfuðborgarsvæðinu.

Annar verkefnaflokkurinn, „**Markaðssetning höfuðborgarsvæðisins**“ felur í sér 3 skilgreind verkefni sem lúta að markaðsetningu höfuðborgarsvæðisins á breiðum grunni og skapa því sameiginlega ímynd undir vörumerkinu „Reykjavík“.

Þriðji verkefnaflokkurinn „**Skólar í fremstu röð**“ tekur til 5 skilgreindra verkefna sem snúast um að skilgreina og nýta möguleg sóknarfæri til eflingar og samþættingu á skólastarfi frá leikskóla og að háskólastigi og að samtengingu menningar og menntastarfs á höfuðborgarsvæðinu.

I. Vaxtarsamningur fyrir höfuðborgarsvæðið

Markmið samningsins er að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins á höfuðborgarsvæðinu og auka hagvöxt með virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins.

Leiðir að þessu markmiði geta m.a. falist í því að:

1. Ná breiðri samstöðu um framtíðarsýn fyrir höfuðborgarsvæðið og aðgerðir til að nálgast sameiginleg markmið og efla samkeppnishæfni svæðisins til lengri og skemmri tíma.
2. Þróa hagvísu og viðmiða til að meta núverandi stöðu lykilþátta og setja mælanleg markmið um þróun þeirra til framtíðar.
3. Skilgreina frekar styrkleika og veikleika svæðisins til að laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.
5. Skilgreina hlutverk og mögulegar aðgerðir sveitarfélaga til þátttöku í að efla atvinnulíf og nýsköpun á svæðinu, m.a. í gegnum verkefni sem efla samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana um þróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.
6. Þróa og efla klasasamstarf vaxtargreina höfuðborgarsvæðisins í því skyni að styrkja samkeppnishæfni, vöxt og arðsemi fyrirtækja á skilgreindum sviðum, ekki síst þar sem stuðla má að útflutningi vöru, þjónustu og gjaldeyrisskapandi starfsemi.

Samstarfsaðilar

Gert er ráð fyrir að mótun vaxtarsamningsins og þau verkefni sem undir hann falla verði meginþáttur sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið árinu 2013. Leitað verður eftir samstarfi sveitarfélaganna sem og annarra samstarfsaðila sem tengjast þurfa einstökum verkefnum sem falla undir þennan verkefnaflokk.

Verkefnastjórn

Framtíðarhópur SSH mun leiða mótun vaxtarsamningsins og markmiða hans, sem hluta af gerð sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið. Hluti verkefnisins felst í að þróa mælikvarða til að fylgja þróun lykilþátta eftir og setja töluleg markmið inn í framtíðina, sem og að móta tillögur að tímasettum markmiðum og aðgerðaáætlunum um einstök verkefni.

Fjármögnun 2013

Allt að 50 mkr. af fjárveitingu til sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins verði nýtt til að vinna að mótun vaxtarsamningsins og til einstakra verkefna sem honum tengjast, auk móttframlaga sem kunna að koma til inn í einstakar aðgerðir og verkefni.

Einstök verkefni og aðgerðir

Stefnt er að því að áfangaskil verði í verkefninu 15. september 2013, þ.m.t. varðandi eftirfarandi undirverkefni.

I.1. Hagkerfi höfuðborgarsvæðisins

Í samvinnu við Hagstofu Íslands ofl. verði lagður grunnur að því að greina þátt höfuðborgarsvæðisins í hagkerfinu og vinna spár um þróun þess til framtíðar. Sérstaklega verði hugað að því að setja framtíðarþróun höfuðborgarsvæðisins mælanleg markmið sem verði undirstaða þess að meta framvindu vaxtarsamnings höfuðborgarsvæðisins.

I.2. Greining og stefnumótun í nýsköpun og samkeppnishæfni

Nýsköpun er grundvöllur vaxtar og atvinnusköpunar – skoða betur hvernig má skapa vaxtarumhverfi og samkeppnishæfni svæðisins. Greiningu og upplýsingar um atvinnulíf þarf að bæta. Stefnt verði að sameiginlegri framtíðarsýn, tímasettum markmiðum og aðgerðaráætlun.

I.3. Skattalegt umhverfi

Unnin verði úttekt á skattalegu umhverfi fyrirtækja og sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins í alþjóðlegu samhengi, m.a. út frá stefnu sveitarfélaga um fjölbreyttari skattstofna og samkeppnishæfni svæðisins. Þá verði lagt mat á hugmyndir um að sveitarfélögin verði virðisaukaskattskyld. Stefnt verði að sameiginlegri framtíðarsýn, tímasettum markmiðum og aðgerðaráætlun.

I.4. Framtíð samgangna

Samhliða vinnu við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins verði lagt mat á valkosti í framtíðarsamgöngum og umferðarkerfi höfuðborgarsvæðisins, kostnað og hagkvæmni mismundi leiða. Hluti vinnunar verði að draga saman þær athuganir sem fyrir liggja um nýja kosti, s.s. léttlestar/hraðvagna á helstu stofnleiðum innan höfuðborgarsvæðisins og lestartengingu til Keflavíkur. Stefnt verði að sameiginlegri framtíðarsýn, tímasettum markmiðum og aðgerðaráætlun.

I.5. Framtíð og fjárfestingarþörf í ferðaþjónustu

Lagt verði mat á framtíðarþróun og mögulegan vöxt í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, ásamt styrkleikum og veikleikum greinarinnar til framtíðar. Sérstaklega verði hugað að uppbyggingarþörf í gistirými, skilgreiningu þess í skipulagi og mati á fjárfestingu á því sviði. Stefnt verði að sameiginlegri framtíðarsýn, tímasettum markmiðum og aðgerðaráætlun.

I.6. Áhersla á skapandi greinar og græna hagkerfið

Í ljósi styrkleika höfuðborgarinnar sem menningarhöfuðborgar Íslands á höfuðborgarsvæðið að leggja áherslu á skapandi greinar í atvinnusköpun og styrkja sérstöðu sína á alþjóðlegum samkeppnismarkaði. Sóknarfæri skapandi greina og græna hagkerfisins verði kortlögð. Stefnt verði að sameiginlegri framtíðarsýn, tímasettum markmiðum og aðgerðaráætlun.

I.7. Vísindagarðar og þekkingargreinar

Efnt verði til sameiginlegrar vinnu með HÍ, HR og Landsspítalanum til að draga fram sóknarfæri í því að vísindagarðar og þekkingariðnaður rísi í Vatnsmýri. Greind verði staða þekkingargreina og mikilvægustu þættir í vexti þeirra skilgreindir. Stefnt verði að sameiginlegri framtíðarsýn, tímasettum markmiðum og aðgerðaráætlun.

I.8. Lítil og meðalstór fyrirtæki

Unnar verði tillögur sem beinist sérstaklega að því að hlúa að vexti og þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, í ljósi mikilvægis þeirra sem uppsprettu nýsköpunar og nýgengis í fyrirtækjaflóru.

II. Markaðssetning höfuðborgarsvæðisins

Heildræn markaðssetning höfuðborgarsvæðisins – Reykjavík sem vörumerki.

II.1. Vörumerkið Reykjavík og markaðssetning höfuðborgarsvæðisins

„Reykjavík“ verði notað sem sameiginlegt vörumerki fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Ná þarf samstöðu um hvernig það verði notað og kynnt til að það nýtist öllu höfuðborgarsvæðinu. Hvernig svæði er höfuðborgarsvæðið og hvernig við viljum kynna það? Hvað einkennir svæðið í atvinnulífi og nýsköpun, menningu og menntun, lífsskilyrðum fólks og innviðum? Hvað vitum við í dag um tengsl og ímynd heitisins og hvað þarf að kanna betur?

Stefnt verði að sameiginlegri framtíðarsýn, tímasettum markmiðum og aðgerðaráætlun.

II.2. Skilgreining ímyndar

Bent hefur verið á að skilgreiningu ímyndar svæðisins þurfi að nýta markvissar og betur en gert hefur verið fram til þessa. Ýmislegt bendir til þess að „Reykjavík“ hafi sterka stöðu gagnvart ferðalöngum, sé „hipp og kúl“ og hafi þannig sterkt aðdráttarafl gagnvart þessum hópi. Náttúran væri aðdráttarafl, tónlistin, menninging og landfræðileg staða mitt á milli heimsálfa. Þessi hópur gerir engan greinarmun á mörkum einstakra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og lítur á svæðið sem eina heild. Í þessu felst gott tækifæri til að nýta „vörumerki“ sem þegar er þekkt, bæði fyrir höfuðborgina og sem sóknarfæri fyrir önnur sveitarfélög á svæðinu til að koma sinni sérstöðu og sérhæfingu á framfæri undir þessu „vörumerki“

Stóra áskorunin felst hinsvegar í markaðssetningu „vörumerkisins“ gagnvart erlendum fyrirtækjum og fjárfestingu. Því er mikilvægt að rækta stöðugleikann, orðsporið og nýta þá viðspyrnu sem „vörumerkið“ hefur nú þegar.

Stefnt verði að sameiginlegri framtíðarsýn, tímasettum markmiðum og aðgerðaráætlun.

II.3. Sameiginleg markaðssetning

Kortlagðar verði bestu leiðir fyrir sameiginlega markaðssetningu fyrir höfuðborgarsvæðið undir vörumerkinu „Reykjavík“, þar sem beitt verði markvissum aðferðum markaðsfræðinnar. Sveitarfélögin þurfa að fjárfesta í aukinni samvinnu á þessu sviði og hugsanlega setja á fót sameiginlega kynningarstofu höfuðborgarsvæðisins.

Markhópar höfuðborgarsvæðisins eru skilgreindir í eftirfarand fjóra hópa: 1) íbúar höfuðborgarsvæðisins, 2) íbúar utan höfuðborgarsvæðisins, 3) erlendir ferðamenn, og 4) erlend fjárfesting og/eða fyrirtæki sem gætu séð tækifæri í að vera með aðsetur á höfuðborgarsvæðinu. Að baki tillögunni liggur sú forsenda að fólk lítur á höfuðborgarsvæðið sem eitt svæði: Reykjavík. Markaðssetning þarf því að ganga út frá því að höfuðborgarsvæðið sé markaðsett sem eitt svæði óháð einstaka sveitarfélögum.

Stefnt verði að sameiginlegri framtíðarsýn, tímasettum markmiðum og aðgerðaráætlun.

Vinnulag

Stofna þarf einn stóran verkefnahóp sem skiptir sér svo niður í smærri hópa sem hver ber ábyrgð á málefnum eins þessarra fjögurra markhópa. Markmiðið er að út úr vinnunni komi markviss nálgun á það hvernig markaðssetja eigi höfuðborgarsvæðið.

Fjármögnun

Til verkefnisins verði varið allt að 10 milljónum á árinu 2013 af fjárveitingu til sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins, auk mögulegra móttframlaga frá samstarfsaðilum.

III. Skólar og menntun í fremstu röð

III.1. Gæði skólastarfs í alþjóðlegum samanburði

Teknar verði saman upplýsingar um gæði og árangur skólastarfs á höfuðborgarsvæðinu frá leikskóla til háskólastigs í alþjóðlegum samanburði. Greindir verða styrkleikar og veikleikar og megináskoranir þegar til framtíðar er litið.

Stefnt verði að sameiginlegri framtíðarsýn, tíma- og tölusettum markmiðum og aðgerðaráætlun.

III.2. Samvinna skólastiga frá leikskóla til háskólanáms

Sérstök áhersla verði lögð á að kortleggja hvernig auka megi markvissa samvinnu milli skólastiga og sveigjanleika fyrir nemendur. Útfærðar verði hugmyndir um að einn eða fleiri framhaldsskólar á svæðinu flytjist á ábyrgð sveitarfélaga og kannaður grundvöllur þess að stofna listmenntaskóla á framhaldsskólastigi, m.a. á grunni sjálfstæðra skóla sem veita framhaldsnám í listum.

Stefnt verði að sameiginlegri framtíðarsýn, tímasettum markmiðum og aðgerðaráætlun.

III.3. Höfuðborgarsvæðið sem háskólaborg

Hvað einkennir góða háskólaborg? Höfuðborgarsvæðið hefur ákveðnum skyldum að gegna í þessum efnum og þær miða ekki síst að framboði á húsnæði og öflugum almenningssamgöngum. Greina þarf að hve miklu leyti höfuðborgarsvæðið uppfyllir þessar skyldur í dag og hverju er helst ábótavant til að þessum skyldum sé fullnægt.

Stefnt verði að sameiginlegri framtíðarsýn, tímasettum markmiðum og aðgerðaráætlun.

III.4. Endurmenntun á vinnumarkaðnum

Mikilvægt er að efla endurmenntun á vinnumarkaði til að fólk sé ávallt tilbúið til að takast á við breyttar áskoranir á hverjum tíma. Staða menntunar á vinnumarkaði verði greind ásamt þeim leiðum og tillögum sem fyrir liggja um að bæta þar úr.

III.5. Kortlagning menningarverkefna og samstarf þess við menntakerfið

Mikil og öflug menningarstarfsemi fer fram á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að greina vandlega hvernig sveitarfélögin styrkja menningarverkefni og vinna að því að opna gáttir á milli þeirra og nánara samspil við skólakerfið.

Stefnt verði að sameiginlegri framtíðarsýn, tímasettum markmiðum og aðgerðaráætlun.


Verklag

Framtíðarhópur SSH mun fara með heildarstýringu verkefna, en myndaðir verða verkefnahópar um einstök verkefni og leitað verkefnasamstarfs við þá hagsmunaaðila sem tengjast best einstökum verkefnum í þessum verkefnaflokki

Fjármögnun

Til verkefnanna verði varið allt að 16 milljónum á árinu 2013, auk mögulegra mótframlaga frá samstarfsaðilum.

Kostnaðar og áhættugreining verkefna



Höfuðborgarsvæðið - Framtíðarsýn

Forsenda árangursríkrar sóknar til aukinnar velmegunar og bættra lífskjara er að fyrir liggi skýr stefna og sýn á þá meginþætti sem móta eiga samfélag framtíðarinnar

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa mótað framtíðarsýn sem sett er fram í samkomulagi sveitarfélaga um nýtt svæðisskipulag sem staðfest var haustið 2012. Hún byggir á þeim sameiginlegu línunum sem lagðar voru á stefnumótunarfundi kjörinna fulltrúa og embættismanna sveitarfélaga innan SSH sem haldinn var á vegum Framtíðarhóps og stjórnar SSH í Kópavogi í apríl 2011.

Þar er skýrt kveðið á um að líta beri á höfuðborgarsvæðið sem eitt búsetusvæði, einn atvinnu- og húsnæðismarkað með sameiginleg grunngerfi, útivistarsvæði, auðlindir, útmörk, landslag og náttúru. Samvinna er leiðarljós og lykilorð í allri framtíðarsýn og stefnumörkun fyrir svæðið.

Höfuðborgarsvæðið mun í auknu mæli bera svipmót þéttar borgarbyggðar og nútímalegs þekkingarsamfélags.

- Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafi með sér náðið samstarf um atvinnu- og skipulagsmál.
- Markmið um sjálfbæra þróun verði ráðandi í skipulagsmálum svæðisins með blandaðri landnotkun, þéttingu byggðar og vistvænu skipulagi samgangna.
- Höfuðborgarsvæðið beri svipmót fagurrar borgar þar sem tekið er tillit til náttúlegs landslags eins og kostur er við þróun nýrra hverfa.
- Höfuðborgarsvæðið verði nútímalegt borgarsamfélag með alþjólegu yfirbragði og alþjóðlega samkeppnishæft um fólk, fjármagn, fyrirtæki og viðskipti.
- Störfum fjölgi í þjónustu- og þekkingargreinum.

Markmið og leiðir:

Markmiðið er metnaðarfull sóknaráætlun og svæðisskipulag þar sem sátt er um sjálfbærni og hagkvæma borgarþróun.

- Mótuð verði sameiginleg stefna í sem allra flestum málaflokkum, sátt um stóru línurnar og treystur grunnur að frekara samstarfi og sameiginlegri sýn.
- Svæðisskipulagið verði ítarlegur grunnur fyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem tekur mið af sameiginlegum þáttum byggðapróunar.
- Sveitarfélögin hafi reglubundið samráð við gerð aðalskipulags.

Vinna að sameiginlegri sýn fyrir íbúapróun og þjónustuframboð með heildstæðum hætti fyrir allt höfuðborgarsvæðið.

- Efla til muna starf svæðisskipulagsnefndar og fela henni aukið stefnumótandi hlutverk í góðri tengingu við starfandi skipulagsnefndir og ríkisvaldið um gerð og framfylgni við landsskipulagsstefnu.
- Sameiginlegur rekstur svæðisskipulags með skilvísri stjórnsýslu, reglulegri uppfærslu upplýsinga, tölfræðilegri úrvinnslu og miðlun upplýsinga.

Skipuleggja þróun byggðar, landnotkun og samgögnur á höfuðborgarsvæðinu með sjónarmið heildarinnar að leiðarljósi.

- Vera vel í stakk búin til að mæta fyrirsjáanlegri íbúafjölgun, samfélagsbreytingum og vexti nýrra atvinnugreina. Talið er að fólksfjölgun verði svipuð og verið hefur, breytt aldurssamsetning muni hafa mikil áhrif.
- Skapa góð skilyrði fyrir vöxt og framfarir í atvinnulífi og með því móti leggja grunn að góðum lífskjörum, öflugri samfélagslegri þjónustu og traustri framtíð íbúanna.

- Skilgreina umferðarkerfi með áherslu á almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi umferð. Umferðin mun halda áfram að aukast, breyting í atvinnuháttum og aldurssamsetningu hefur áhrif á umferð.
- Skilgreina veitukerfi, aðal athafnakjarna og miðsvæði, sameiginleg útivistar- og ræktunarsvæði, skilgreina auðlindir og nýtingu þeirra, afmarka þau svæði sem henta ekki undir byggð og skilgreina verndarsvæði.
- Tryggður verði greiður aðgangur að þjónustustofnunum og fyrirtækjum, ásamt góðu aðgengi að útivistarsvæðum.
- Varðveita og styrkja grænu svæðin sem umlykja byggðina á höfuðborgarsvæðinu.

Samvinna um byggðaþróun á höfuðborgarsvæðinu og við nágrannabyggðir þess.

- Svæðisskipulag sem stefnumarkandi greinargerð sem tekur til suðvesturhorns landsins sem forsögn um frekara samstarf um sameiginlega byggðaþróun.
- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins verði hluti af sóknaráætlun 2020 fyrir höfuðborgarsvæðið og suðvesturhorn landsins.
- Hafðir verði í huga framtíðarmöguleikar á lestartengingu milli alþjóðaflugvallarins í Keflavík og miðborgar Reykjavíkur.

Höfuðborgarsvæðið - Stöðugreining

Undanfarin ár hefur talsverð greining átt sér stað á stöðunni á höfuðborgarsvæðinu, enda höfuðborgarsvæðið langfjölmennasta svæði landsins og staðan þar hefur því eðli málsins samkvæmt mest um það að segja hver staðan er á landinu öllu. Greining á höfuðborgarsvæðinu er því órjúfanlegur hluti greiningar á stöðunni á landsvísi.


Þó hafa nokkrar greiningar miðast sérstaklega að höfuðborgarsvæðinu og var sérstaklega horft á eftirfarandi gögn í undirbúningi þeirrar vinnu sem liggur að baki þessari sóknaráætlun.

- Stöðugreining Byggðastofnunar 2012
- Atvinnustefna Reykjavíkur
- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024
- Aðalskipulag Reykjavíkur
- Ísland 2020 – stöðuskýrsla höfuðborgarsvæðisins
- Skýrsla PWC um samkeppnishæfni höfuðborga á Norðurlöndunum
- Skýrsla McKinsey um vaxtarstefnu fyrir Ísland

1.1 Almennt um höfuðborgarsvæðið

Á höfuðborgarsvæðinu eru 8 sveitarfélög með 203.594 íbúa (1. janúar 2012) sem eru 63,7% íbúa landsins (Byggðastofnun, 2012, bls. 4). Íbúum svæðisins hefur fjölgað um 23,7% milli 1998 og 2012, hlutfallslega mest í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur. Reykjavíkurborg er þó enn langstærsta sveitarfélagið á svæðinu jafnvel þó hlutur hennar í fólksfjöldanum hafi minnkað úr 65,2% í 58,4% á tímabilinu 1998-2012 (Byggðastofnun, 2012, bls. 6).

Fólksfjöldi á höfuðborgarsvæðinu 2000-2012



Mynd 1: Þróun fólksfjölda á höfuðborgarsvæðinu 2000 – 2012.
Heimild: Hagstofa Íslands

Þó svæðið sé skilgreint sem þessi átta sveitarfélög, er stundum rætt um það sem svæðið á milli Hvítánnar tveggja, á Suðurlandi og Vesturlandi, en segja má að svæðið hafi í raun „stækkað“ með greiðum samgöngum í þrjár áttir að Suðurlandi, Vesturlandi og til Suðurnesja.

Einnig má velta fyrir sér hversu margir aðskildir þéttbýliskjarnar séu í raun á svæðinu, en Hagstofan skilgreinir á því 4 þéttbýliskjarna: StórReykjavík, Álftanes, Mosfellsdal og Grundarhverfi (Byggðastofnun, 2012, bls. 8). Á höfuðborgarsvæðinu er að finna megnið af stjórnsýslu landsins og þjónustu, m.a. sjúkrahús með landið allt sem þjónustusvæði. Á svæðinu eru fjöldamargar mennta- og menningarstofnanir, þar af þrír háskólar, margir framhaldsskólar og iðnskólar og grunn- og leikskólar.

Höfuðborgarsvæðið er samgöngumiðstöð fyrir landið allt og þar er að finna miðpunkt flutningskerfa. Þar er Reykjavíkurlugvöllur sem er miðstöð áætlunarflugs innanlands og þar er að finna tvær stórar vöruflutninga- og fiskihafnir. Reykjavíkurhöfn er skilgreind sem meginhöfn landsins í samgönguáætlun til 2022. Keflavíkurlugvöllur er hins vegar skilgreindur sem meginflugvöllur landsins. Á

höfuðborgarsvæðinu verða líka tveir þriðju hlutar landsframleiðslunnar til (Byggðastofnun, 2012, bls. 14-15).


1.2 Atvinnumál

Atvinnuástandið á höfuðborgarsvæðinu hefur vissulega einkennst af efnahagsástandi undanfarinna ára, en atvinnuleysi hefur verið 8-9% á árunum 2009-2011 – einu prósentustigi yfir landsmeðaltali (Byggðastofnun, 2012, bls. 13).

Atvinnuleysi hefur þó aðeins dregist saman frá síðari hluta ársins 2010 og á vef Vinnumálastofnunar kemur fram að 6.302 hafi verið atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu í nóvember 2012 eða 7,22% vinnuafsisins, þar af 3.303 karlar og 2.999 konur (Vinnumálastofnun, 2012). Í nóvember 2012 var atvinnuleysi komið niður í ... xxx Sjá má á mynd 3 sem fengin er af áðurnefndum vef, að verkafólk er fjölmennast í þessum hópi, svo fólk við þjónustustörf og síðan iðnaðarmenn og sérmenntað iðnverkafólk. Skipting milli kynja er nokkuð afgerandi í þessum hópi en karlar eru í áberandi meirihluta atvinnulausra meðal verkafólks og iðnaðarmanna en konur meðal þeirra sem starfa við þjónustustörf ýmisskonar.

Mynd 4 sýnir skiptingu atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu eftir atvinnugreinum 2011 sem styður að miklu leyti niðurstöðurnar úr mynd 2. Stærsti hópur atvinnulausra starfar við verslun og viðgerðir, mannvirkjagerð kemur þar á eftir og síðan iðnaður og hráefnisvinnsla. Líkt og sjá má á mynd 4 eru hlutföllin milli kynjanna nokkuð jöfn í verslun og viðgerðum en karlar eru í meirihluta í hinum tveimur og þá sérstaklega í mannvirkjagerð (Vinnumálastofnun, 2012).


Atvinnulausir eftir starfsstéttum og kyni (höfuðb.sv.)



Heimild: Vinnumálastofnun
Birt: 17 des 2012

Mynd 3: Atvinnulausir eftir starfsstéttum
Heimild: Vinnumálastofnun, 2013

Atvinnulausir eftir atvinnugrein og kyni (höfuðb.sv.)




Heimild: Vinnumálastofnun

Mynd 3: Atvinnuleysi eftir atvinnugreinum
Heimild: Vinnumálastofnun, 2013

Mynd 5 sýnir loks hlutfall atvinnulausra eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt heimildum Vinnumálastofnunar er atvinnuleysishlutfallið hæst í Hafnarfirði eða 7,72%, þá í Reykjavík sem nemur 7,57% og Kópavogur kemur næst með 6,94%. Sé Kjósahreppur undanskilinn er atvinnuleysishlutfallið áberandi minnst á Seltjarnarnesi eða 3,9% en einnig nokkuð lágt í Garðabæ eða 5,24%.

Atvinnuleysishlutfall eftir sveitarfélögum

Einingar: % Mánuður: mar 2012



Heimildir: Vinnumálastofnun

Númer á DataMarket

Mynd 5: Atvinnuleysi eftir sveitarfélögum (höfuðborgarsvæðið). Heimild: Vinnumálastofnun, 2013.

Í nýttgefinni atvinnustefnu Reykjavíkur gefur að líta markmið og aðgerðaráætlun á þeim meginsviðum sem borgin telur að þurfi að grípa til svo efla megi atvinnuástand á svæðinu (Reykjavíkurborg, 2012).

Í skýrslunni er bent á mikilvægi Reykjavíkur sem aflvaki atvinnulífs á landinu enda yfir helmingur íbúa landsins búsettur í Reykjavík og enn fleiri sem stunda atvinnusína þar. Einnig kemur fram að Reykjavík er í alþjóðlegri samkeppni um ný fyrirtæki og verðmætaskapandi starfsemi og að við því þurfi að bregðast með markvissum hætti. Undir yfirskriftinni Skapandi borg eru skilgreindar níu „borgir“ sem standa fyrir níu mismunandi áherslupáttum Reykjavíkur, hver með sín eigin leiðarljós, meginmarkmið og stefnuvísa (Reykjavíkurborg, 2012).

Borgirnar eru:

- Athafna- og nýsköpunarborg
- Höfuðborg
- Græn borg
- Menningarborg
- Ferðamannaborg
- Þekkingarborg
- Lífsgæðaborg
- Fjölbreytileikaborg
- Hafnarborg

1.3 Svæðisskipulag og aðalskipulag

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins fyrir árin 2001-2024 var gefið út árið 2002 og tekur það til byggðapróunar, landnotkunar, umhverfismála, samgangna og veitukerfa, auk samfélagslegrar þróunar. Svæðisskipulagið er lang umfangsmesta sameiginlega stefnumörkun sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu til þessa. Á því hafa verið gerðar allnokkrar breytingar frá upphaflegri gildistöku.

Í svæðisskipulaginu kemur fram að helstu einkennum þróunar á tímabilinu verði þau að samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um skipulagsmál muni aukast verulega vegna svæðisskipulagsins. Núverandi aðalskipulag sveitarfélaganna verði endurskoðað í samræmi við svæðisskipulag. Talið er að fólksfjölgun verði svipuð á höfuðborgarsvæðinu og hún hafi verið undanfarin ár með tilheyrandi fjölgun íbúða og starfa. Breytt aldurssamsetning fólks, m.a. með hækkanði hlutfalli eldra fólks, mun hafa mikil áhrif á skipulagstímabilinu. Umferðin á höfuðborgarsvæðinu mun halda áfram að aukast og er gert ráð fyrir umtalsverðum fjárfestingum í umferðar mannvirkjum og almenningssamgöngum á skipulagstímabilinu. Breyting í atvinnuháttum, breytt aldursskipting íbúanna og aukinn hreyfanleiki fólks munu m.a. hafa áhrif á umferð. Höfuðborgarsvæðið mun í auknum mæli bera svipmót nútímalegs þekkingarsamfélags með alþjóðlegu yfirbragði. Störfum mun fjölga í þjónustugreinum og þekkingargreinum í stað frumframleiðslugreina og iðnaðar. Markmið um sjálfbæra þróun munu verða ráðandi í skipulagsmálum svæðisins, svo sem með blandaðri landnotkun, þéttingu byggðar og skipulagi samgangna (nes Planners, 2002).

1.4 Ísland 2020

Samantekt úr skýrslunni Ísland 2020 – stöðuskýrsla fyrir höfuðborgarsvæðið


1.5 Samkeppnishæfni

Í Atvinnustefnu Reykjavíkurborgar (2012) má finna greiningu á Reykjavíkurborg gagnvart erlendum borgum, annars vegar út frá samkeppnisforskoti og hins vegar út frá veikleikum og eru sömu atriðin nefnd þar og komu fyrir í skýrslu PriceWaterhouseCoopers.

Það sem nefnt er sem samkeppnisforskot er m.a. að Reykjavík er nyrsta höfuðborg heims og sem höfuðborg landsins miðstöð viðskipta og vöruflutninga, hefur sérstöðu vegna náttúru, sögu, menningar o.fl. og því öflug ferðamannaborg með lifandi og skemmtilega miðborg sem er bæði sérstök og áhugaverð, er þekkt fyrir hreint loft, hreint vatn og hreina orku, hátt hlutfall menntaðs fólks (creative class), gott heilbrigðiskerfi og öflugt velferðarkerfi, frjálst samfélag og hátt hlutfall yngra fólks, mikilvæg höfn í N-Atlantshafi og mikilvægt flugumferðarsvæði yfir N-Atlantshafi (Reykjavíkurborg, 2012).

Veikleikarnir sem taldir eru felast m.a. í landfræðilega einangrun hvað varðar samgöngur þó bætt upplýsingatækni vegi þar nokkuð upp á móti, veðurfar, náttúruvá, smæð þjóðarinnar og fágæti íslenskrar tungu (gæti einnig verið álitð kostur sökum þess hve fágætt það er), einsleitt samfélag, einhæfar og lélegar samgöngur – ekki síst almenningssamgöngur, dreifð byggð og ósamstíga höfuðborgarsvæði í ljósi þess hve mörg sveitarfélög eru á svæðinu og skortur á samvinnu þeirra á milli (Reykjavíkurborg, 2012).

Í skýrslu PriceWaterhouseCoopers í Svipjóð um höfuðborgir Norðurlandanna sem gefin var út 2012, eru þær bornar saman eftir ýmsum félagslegum og efnahagslegum mælikvörðum sem eiga að gefa mynd af því hver samkeppnishæfni þeirra er. (PriceWaterhouseCoopers Sverige, 2012)



Mynd 6: Samkeppnishæfni höfuðborga Norðurlanda
Heimild: PriceWaterhouseCoopers, 2012

Niðurstaða skýrslunnar hvað Reykjavík varðar, er að á flestum mælikvörðum skori Reykjavík lægra en höfuðborgir hinna Norðurlandanna, þ.e. Kaupmannahöfn, Stokkhólmur, Helsinki og Osló.

Reykjavík skorar nokkuð hátt hvað varðar menntunarstig, kennsluaðstöðu, þekkingu á stærðfræði- og öðrum raungreinum, nýsköpun, hlutfall frumkvöðla og hversu auðvelt er að hefja fyrirtækjarekstur, skatthlutfall, heilbrigðiskerfi, glæpatíðni, pólitískt umhverfi og græn svæði. Hins vegar eru fleiri þættir á borð við lengd vinnuviku, fjárfestingaáhættu, lífsgæði, hlutfall þeirra sem nýta sér almenningssamgöngur, brottfall úr nám og hraði internettenginga þá kemur Reykjavík ekki nafn vel út.

Meginniðurstaða skýrslunnar er að höfuðborgir Norðurlandanna séu afkastamiklar, aðlaðandi borgir sem þó þurfa að vinna saman í auknum mæli ef þær ætla að keppa á alþjóðlegum vettvangi.

Þó svo að bæði plögg séu unnin út frá formerkjum Reykjavíkurborgar má ætla að þær forsendur sem liggja að baki sem og þær aðgerðir sem lagt er til að gripið verði til eigi ekki síður við um önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Í raun má því segja að niðurstöður skýrslunnar tveggja eigi að miklu leyti við um höfuðborgarsvæðið í heild.

1.6 Vaxtarstefna og úrbótatækifæri

Haustið 2012 kom út skýrsla McKinsay á Norðurlöndunum sem tók möguleika Íslands til vaxtar til umfjöllunar. Bent er á helstu ógnanir sem Ísland stendur frammi fyrir til að ná fyrri hæðum í landsframleiðslu miðað við höfuðstól og hvaða atriði gætu orðið hindrun í vegi vaxtar.

Skortur á fjárfestingum og gjaldeyrishöft eru talin verulega hamlandi íslensku samfélagi og sú staðreynd að það vanti trúverðuga stefnu til vaxtar. Bent er á háa atvinnuþátttöku og langan vinnutíma í samhengi við framleiðnivanda í flestum atvinnugreinum. Á þetta einkum við í þjónustugeiranum þar sem framleiðni er allt að 20% lægri en hún ætti að vera. Brottfall í framhaldsskólum, fækkun í starfstengdu námi og lengri námstími á háskólastigi er einnig nefnt sem vandamál sem sporna þarf gegn (McKinsey Scandinavia, 2012).

Vísað er til þess að auka þurfi verðgildi afurða landsins, bæta í framleiðslu og auka þannig alþjóðaviðskipti svo íslenskt efnahagslíf verði opnara. Framleiðsluaukning í þjónustugeiranum gæti orðið til þess að hægt væri að færa starfsfólk milli atvinnugeira þar sem framleiðni er meiri til hagsbóta fyrir landið allt. Sérstaklega er bent á tækifæri í þremur geirum: fiskveiðum, orku, og ferðamennsku. Sameiginlegur skilningur á vaxtartækifærum þjóðarinnar og stefnu til að hagnýta þau eru álitin forsenda vaxtar á Íslandi (McKinsey Scandinavia, 2012).

Ráðgjafaráð SSH - verkefni og aðgerðir

Á haustmánuðum 2012 var tekin sú ákvörðun af hálfu stjórnar Samtaka sveitarfélaginu á höfuðborgarsvæðinu að skipa til ráðgjafar við vinnu að sóknaráætlun svokallað ráðgjafaráð, sem skipað væri um 25 manns úr ýmsum geirum samfélagsins á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni.

(um ráðgjafaráðið og skipan þess)

1.1 Atvinnumál

Í hópnum sem fjallaði um atvinnumál sátu Berglind Hallgrímsdóttir (hópsstjóri), Ármann Kr. Ólafsson, Hrólfur Jónsson, Inga Rut Gylfadóttir, Linda Baldursdóttir, Margrét Gunnarsdóttir, Páll Brynjarsson og Sveinn Þorgrímsson.

Hópurinn fékkst við fjórar spurningar:

1. Hvað hefur áhrif á atvinnumál á höfuðborgarsvæðinu
2. Hver eru helstu verkefni í atvinnumálum höfuðborgarsvæðisins?
3. Hvert er hlutverk sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í þeirri vinnu?
4. Hvaða 3-5 verkefni eru mikilvægust?

Eftir umfjöllun hópsins um þessar spurningar, en sjá má punkta úr þeim umræðum í fylgiskjali 1, stóðu neðangreind verkefni sem þau mikilvægustu í þessum málaflokki:

1.1.1. Áhersla á skapandi greinar

Í ljósi styrkleika höfuðborgarinnar sem menningarhöfuðborg Íslands á höfuðborgarsvæðið að leggja áherslu á skapandi greinar í atvinnusköpun og styrkja sérstöðu sína á alþjóðlegum samkeppnismarkaði.

1.1.2 Aukin samvinna

Markvissara samtal og samvinna er nauðsynleg á milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins í tengslum við atvinnuþróun og uppbyggingu sem þegar er verið að vinna að.

1.1.3. Skattkerfisbreytingar

Sveitarfélög þurfa að komast inn í virðisaukaskattsumhverfið en fái tekjurnar aftur með skilgreindri hlutdeild. Virðisaukaskattskerfið er að mati hópsins heftandi í því að útvista þjónustu sveitarfélaga, en í tengslum við það gæti átt sér stað atvinnusköpun og nýsköpun.

1.1.4. Innviðir og samgöngur

Innviðir og samgöngumál eru lykmálaflokkur á höfuðborgarsvæðinu – samvinnu um lausnir þarf að auka og efla.

1.1.5. Greining og stefnumótun í nýsköpun

Nýsköpun er grundvöllur vaxtar og atvinnusköpunar – skoða betur hvernig má skapa vaxtarumhverfi. Greining og upplýsingar um atvinnulíf þarf að bæta.

1.1.6. Vísindagarðar

Berjast þarf fyrir því að vísindagarðar rísi í Vatnsmýri – forsenda þess að sterk og framsækin atvinnustefna verði til fyrir höfuðborgarsvæðið – rannsóknir og þróun/nýsköpun/krítiskur massi í tengslum við háskólana verði til í Reykjavík.

1.2 Mennta- og menningarmál

Í hópnum sem fjallaði um mennta- og menningarmál sátu Sigríður Kristjánsdóttir (hópstjóri), Andri Steinn Hilmarsson, Helga S. Guðmundsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Salka Margrét Sigurðardóttir.

Hópurinn fékkst við fjórar spurningar:

Hvað hefur áhrif á mennta- og menningarmál á höfuðborgarsvæðinu?

Hver eru helstu verkefni í mennta- og menningarmálum höfuðborgarsvæðisins?

Hvert er hlutverk sveitarfélaganna í þeirri vinnu?

Hvaða 3-5 verkefni eru mikilvægust?

Eftir umfjöllun hópsins um þessar spurningar, en sjá má punkta úr þeim umræðum í fylgiskjali 1, stóðu neðangreind verkefni sem þau mikilvægustu í þessum málaflokki:

1.2.1. Samvinna skólastiga frá leikskóla til háskólanáms

Hópurinn taldi það líklegt til árangurs til að minnka brottfall í framhaldsskóla að auka samvinnu skólastiga með það að markmiði að horfa á styrkleika einstaklinganna í náminu. Það yrði gert með þeim hætti að auka fjölbreytni vals í skólunum og með því að sérhæfing í námi byrjaði fyrr en nú er. Til þess að þetta sé mögulegt þyrfti að nýta betur það fjármagn sem þegar er veitt í menntakerfið.

1.2.2. Endurmenntun á vinnumarkaðnum

Hópurinn taldi mikilvægt að efla endurmenntun á vinnumarkaði til að fólk sé ávallt tilbúið til að takast á við breyttar áskoranir á hverjum tíma.

1.2.3. Höfuðborgarsvæðið sem háskólaborg

Hvað einkennir góða háskólaborg? Sem slíkt hefur höfuðborgarsvæðið skyldum að gegna og þær miða að framboði á húsnaði og öflugum almenningssamgöngum.

1.2.4. Kortlagning menningarverkefna

Mikil og öflug menningarstarfsemi fer fram á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að greina vandlega hvernig sveitarfélögin styrkja menningarverkefni og vinna að því að opna gáttir á milli þeirra og inní skólakerfið.

1.3 Markaðsmál

Í hópnum sem fjallaði um markaðsmál sátu Ketill Berg Magnússon (hópstjóri), Anna Guðrún Björnsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Þorgeirsson, Halldóra Vífilsdóttir, Hildigunnur Haraldsdóttir og Páll Hjaltason.

Hópurinn fékkst við fimm spurningar:

1. Hvað hefur áhrif á ímynd höfuðborgar-svæðisins?
2. Gagnvart hverjum þarf að markaðssetja höfuðborgarsvæðið?
3. Hver eru helstu verkefni í markaðssetningu höfuðborgarsvæðisins?
4. Hvert er hlutverk sveitarfélaganna í þeirri vinnu?
5. Hvaða 3-5 verkefni eru mikilvægust?

Eftir umfjöllun hópsins um þessar spurningar, en sjá má punkta úr þeim umræðum í fylgiskjali 1, stóðu neðangreind verkefni sem þau mikilvægustu í þessum málaflokki:

1.3.1. Vörumerkið Reykjavík

Hópurinn taldi að höfuðborgarsvæðið vantaði sameiginlegt vörumerki og lagði til að „Reykjavík“ yrði notað yfir svæðið allt í markaðssetningu þess.

1.3.2. Skilgreining á eðli höfuðborgarsvæðisins

Byrja á að velja hvernig svæði höfuðborgarsvæðið er og hvernig við viljum kynna það. Hvað einkennir svæðið í atvinnulífi og nýsköpun, menningu og menntun, lífsskilyrðum fólks og innviðum.

1.3.3. Innviðir

Hópurinn taldi að við markaðssetningu svæðisins væri mikilvægt að innviðir þess væru í lagi. Almenningsamgöngur þyrftu að vera í forgangi, bæði innan svæðisins og við Keflavíkurvöll. Starfsumhverfi stórra fyrri tækja krefðist stöðugleika. Áhersla í skipulagsmálum ætti að miða að vexti inn á við, þ.e. þéttingu byggðar með áherslu á fjölskylduvænt umhverfi sem ýtti undir menntun og skapaði íbúunum öryggi.

1.3.4. Skilgreining ímyndar

Hópurinn taldi að varðandi skilgreiningu ímyndar svæðisins þyrfti að nýta betur það sem hefur verið gert. Nú þyrfti að búa til og kynna betur konseptið höfuðborgarsvæðið og prófíl þess. Hópurinn taldi að svæðið hefði sterka stöðu gagnvart ferðalöngum, það væri „hipp og kúl“. Náttúran væri aðdráttarafl, tónlistin, menningin og landfræðileg staða mitt á milli heimsálfa. Stóra áskorunin væri hinsvegar að vinna gagnvart fyrirtækju og passa að missa þau ekki út af svæðinu. Þar væri því mikilvægt að rækta stöðugleikann, orðsporið og styðja við skapandi greinar.

1.3.5. Sameiginleg markaðssetning

Hópurinn leggur áherslu á að farið verði í sameiginlega markaðssetningu fyrir höfuðborgarsvæðið, þar sem beitt verði markvissum aðferðum markaðsfræðinnar. Sveitarfélögin þurfa að fjárfesta í aukinni samvinnu á þessu sviði og setja á fót sameiginlega kynningarstofu höfuðborgarsvæðisins.

Samantekt

Draga má fram þrjú atriði sem komu mjög sterkt fram í vinnu allra hópanna. Þau eru eftirfarandi:

❖ SAMVINNA

Kallað var eftir mun markvissari samvinnu milli sveitarfélaganna annars vegar og sveitarfélaganna og ríkisins hins vegar

❖ SAMGÖNGUR

Góðar samgöngur á svæðinu, skipulagðar á heildrænan hátt er lykilatriði fyrir alla aðra málaflokka, hvort sem er atvinnumál, mennta- og menningarmál eða markaðsmál

❖ EITT SVÆÐI

Þrátt fyrir að skiptast niður í mörg sveitarfélög er litið á svæðið sem eina heild, bæði af íbúum þess, íbúum utan svæðisins, sem og erlendum aðilum. Mikilvægt að forsvarsmenn sveitarfélaganna átti sig á þessu og hafi til grundvallar í allri sinni vinnu

Verkefnin sem hóparnir drógu fram eru afar ólík að umfangi og fyrirferð. Á mynd 7 er gerð tilraun til að meta þau útfrá kostnaði annarsvegar og umfangi og flækjustigi hinsvegar. Ljóst er að um er að ræða gríðarlega ólík verkefni hvað það snertir, allt frá frekar einföldum og ódýrum verkefnum á við kortlagningu menningarverkefna á höfuðborgarsvæðinu upp í mjög flókin og kostnaðarsöm verkefni eins og endurbætur á samgöngum og innviðum svæðisins eða uppbyggingu vísindagarða.

Helstu heimildir

Byggðastofnun. (2012). *Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins, stöðugreining 2012, lokadrög*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun.

Héðinn Unnsteinsson. (án dags.). *Tillaga til ríkisstjórnar um sameiginlegan skilning Stjórnarráðsins að útfærslu Sóknaráætlana landshluta árin 2012-2020*.

McKinsey Scandinavia. (2012). *Charting a Growth Path for Iceland*.

nes Planners. (2002). *Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins*. Kópavogur: Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

PriceWaterhouseCoopers Sverige. (2012). *Northern Lights: The Nordic Cities of Opportunity*. Stockholm: PriceWaterhouseCoopers.

Reykjavíkurborg. (2012). *Atvinnustefna Reykjavíkur, Skapandi borg*. Reykjavík: Reykjavíkurborg.

Stjórnarráð Íslands. (2012). *Sóknaráætlanir landshluta - 400 milljónir til sveitarfélaga*. Reykjavík: Stjórnarráð Íslands.

Vinnumálastofnun. (7. janúar 2012). *Atvinnuleysistölur í excel*. Sótt 7. janúar 2012 frá Vinnumálastofnun: <http://www.vinnumalastofnun.is/heim/#tab-atvinnuleysistolur>